

9. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 7. feb 2023 kl. 16.

Mætt: Hallgrímur Gíslason formaður, Friðrik Vagn Guðjónsson, Helgi Aðalsteinsson, Helga Eymundsdóttir, Birgir Björn Svavarsson, Eva B. Magnúsdóttir, Margrét Marvinsdóttir og Elín S. Antonsdóttir.

Fjarverandi: Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fundargerð:

1. **Formaður setti fund kl. 16:05.**
2. **Fundargerð stjórnar frá 10. janúar tekin fyrir og samþykkt.**
3. **Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 28. febrúar kl. 16.**
4. **Viðvera**
 - a. 8. Feb. Birta – Eva B. Magnúsdóttir
 - b. 15. Feb. Birta – Elin S. Antonsdóttir
 - c. 22. Feb. Birta - Margrét Marvinsdóttir
5. **Starfsemin**
 - a. 29. Janúar var kynning á verkefninu Virk efri ár í Hofi og 31. janúar var fundur um netöryggi í Sölu. Báðir þessir viðburðir voru afar vel sóttir.
 - b. Úrslit eru komin úr ferðakönnun félagsins en beðið með umræður.
6. **Húsnæðismál**
 - a. Rætt var um möguleika á því að breyta um staðsetningu skrifstofunnar þ.e. færa hana fram í húsnæðinu í Birtu sem myndi skapa betri vinnufrið. Þetta verði skoðað betur í vor.
 - b. Talsverðar umræður voru um væntanlegar blokkabyggingar fyrir 60 ára og eldri bæði á reit ofan sundlaugar og í væntanlegu Móahverfi. Voru hugmyndir stjórnar að auk eignaíbúða gætu verið þar leiguíbúðir á vegum Akureyrarbæjar.
7. **Aðalfundur**
 - a. Undirbúningur er hafinn fyrir aðalfund sem er áætlaður 28. mars. Enn vantar fulltrúa í uppstillingarnefnd.
 - b. Semja þarf ályktanir sem bornar verði upp á fundinum.
8. **Önnur verkefni**
 - a. Þann 13. Febrúar kl. 10:30 mun Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags og vinnumálaráðherra koma í Pálínukaffi í Birtu og kynna verkefnið Gott að eldast.
9. **Önnur mál**
 - a. Landsfundur LEB verður 9. maí nk. Í Borgarnesi. Fjöldi félaga í EBAK var um áramót 2182. EBAK á þá rétt á að senda 9 fulltrúa á fundinn.
 - b. Þann 30. mars verður Símei með starfslokanámskeið fyrir Einingu lðju. Óskað er eftir. að fá þar kynningu á EBAK.
 - c. Að lokum var talað um hvort ekki mætti hafa kaffi, vatn og smá meðlæti á fundum.
10. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.
11. Fundargerð ritaði Elín S. Antonsdóttir.